

Reglugerð Kraftlyftingasambands Íslands (KRAFT) um val á kraftlyftingamanni ársins.

Val kraftlyftingamanns ársins í karla- og kvennaflokki fer fram að loknu keppnistímabili ár hvert. Valið er í höndum stjórnar KRAFT. Valið er tilkynnt á heimasíðu sambandsins, til ÍSÍ og Samtaka íþróttafréttamanna, um leið og það liggur fyrir. Viðurkenningar eru afhentar á kraftlyftingapingi.

Við valið er árangur í klassískum kraftlyftingum, klassískri bekkpressu, kraftlyftingum og bekkpressu í búnaði jafnt metið. Keppni í opnum flokki er hærra metið en í aldurstengdum flokkum.

Sami keppandi getur fengið stig fyrir mót í opnum flokki og í aldurstengdum flokki, og fyrir keppni með og án búnaðar.

Árangur fjögurra bestu móta telja með. Ef tveir keppendur eru jafnir að stigum telur fimmta mótið, og svo koll af kolli.

Sá sem hlýtur titilin Kraftlyftingamaður ársins skal ekki með hegðun sinni eða óíþróttamannslegri framkomu hafa varpað rýrð á íþróttina, félagið sitt eða Kraftlyftingasambandið.

Stjórn notar eftirfarandi aðferð við útreikning, en skal þar að auki taka til greina annað, eins og t.d. alþjóðamet og unnin verðlaun á alþjóðamótum.

Mót hafa vægi miðað við mikilvægi og er sætastig keppanda margfaldað við vægi mótsins til að fá út heildartölu. Tölur eru lagðar saman og vinnur sá stigahæsti, nema stjórn kjósi að taka tillit til annara hluta líka.

Á alþjóðamótum reiknast sætastig miðað við sæti í þyngdarflokki.

Á innanlandsmótum reiknast sætastig miðað við heildarranking mótsins smkv IPF stigatöflu.

| | |
|-------------------|----------------------------|
| 1.sæti – 12 stig, | 6.sæti – 5 stig, |
| 2.sæti – 9 stig, | 7.sæti – 4 stig, |
| 3.sæti – 8 stig, | 8.sæti – 3 stig, |
| 4.sæti – 7 stig, | 9.sæti – 2 stig, |
| 5.sæti – 6 stig, | 10.sæti og neðar – 1 stig. |

HM kraftlyftingar/bekkpresa með búnaði / án búnaðar – vægi 12

EM kraftlyftingar/bekkpresa með búnaði / án búnaðar / – vægi 9

ÍM kraftlyftingar með búnaði / án búnaðar – vægi 6

ÍM réttstöðulyftu/bekkpessu með/án búnaðar – vægi 6

HM unglínga/öldunga í kraftlyftingum/bekkpessu með búnaði / án búnaðar – vægi 6

Bikarmeistaramót KRAFT í kraftlyftingum/bekkpessu með/án búnaðar – vægi 5

EM unglínga/öldunga í kraftlyftingum/bekkpessu með/án búnaðar – vægi 4

NM unglínga í kraftlyftingum/bekkpessu með / án búnaðar – vægi 4

ÍM unglínga/öldunga með/án búnaðar – vægi 2

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á fundi stjórnar Kraftlyftingasambands Íslands 25.nóvember 2018

